

nokkra leigu fyrir geymslu á mununum, enda þótt honum hefði átt að vera það innan handar. Skaðabótakrafa hans verður því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framanskráðu verður því að fella hina áfrýjuðu lögtaksgerð úr gildi. Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 250 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð á að vera ómerk.

Gagnáfrýjandi, Jón Þorláksson, f. h. bæjar-sjóðs Reykjavíkur, greiði aðaláfrýjanda, Magnúsi Jónssyni prófessor juris, 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. sept. 1934.

Nr. 74/1934. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Magnúsi Jóhannessyni

(Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 200. gr. alm. hegnl. og áfengis- og bifreiðalögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 7. apríl 1934: Ákærður, Magnús Jóhannesson, sæti fangelsi við venjulegt fangavíðurværi í 6 mánuði. Hann skal og sviftur æfilangt leyfi til að stýra bifreið. Loks greiði hann allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að refsing ákærða er ákveðin 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar. Þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó þannig, að refsing ákærða, Magnúsar Jóhannessonar, verði 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Magnúsi Jóhannessyni, bifreiðarstjóra, fyrir brot gegn ákvæðum 17. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928, og gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64, 1930, laga nr. 70, 1931 um notkun bifreiða og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, sannaðir með eigin játningu ákærðs, og framburði vitna. Klukkan nokkru yfir 5 síðdegis hinn 4. þ. m. var lögreglunni tilkynnt í síma, að bifreiðarslys hefði þá orðið samstundis á Laugavegin-

um, innan við Vatnsþróna. Fór lögreglan þegar á staðinn og athugaði vegsummerki. Er lögreglan kom þangað, stóð bifreiðin R.E. 932, sem olli slysinu, fyrir utan húsið nr. 144 við Laugaveg í hér um bil tveggja metra fjarlægð frá húsinu, og vísaði hún á ská til austurs út á götuna. Hafði hún sýnilega verið á austurleið er hún stöðvaðist þarna. Var bifreiðin þannig útlits, að felgu og gúmmi vantaði á vinstra framhjólíð, og sjálft hjólíð var stórmikið beyglað. Hægra framhjólíð var brotið af og lá það hjá bifreiðinni framanverðri til hægri hliðar. Voru rúður brotnar í bifreiðinni og ýmsar fleiri skemmdir sjáanlegar á henni. Það var og sýnilegt, að bifreiðin hafði lent á steintröppum við húsið nr. 140 við Laugaveg, sem vita út að götunni, og austan við þær tröppur var sandhrúga, alveg við húsvegginn, og ofan á þeirri sandhrúgu lá gúmmið af vinstra framhjólí bifreiðarinnar. Við dyrnar á húsinu nr. 138 við Laugaveg var stór blóðtjörn, og mátti þaðan rekja blóðferilinn inn í húsið og upp stigann. Er lögreglan kom upp á loftið í húsinu, var húsráðandi þar, Ari Eyjólfsson, að leggja af stað með son sinn slasaðan á Landsspítalann. Drengur þessi hét Þorlákur, 10 ára að aldri. Hafði hann orðið undir bifreiðinni fyrir utan húsið þar sem blóðpollurinn var. Drengurinn var meðvitundarlaus er faðir hans kom með hann á spítalann. Framan á enni miðju og upp í hársvörð var ca. 6 cm. langt sár, inn að beini, og annað nokkru lengra hægra megin við það í nokkurra cm. fjarlægð. Auk þess voru tvö smásár aftur á höfðinu. Kom heilavefur út úr sárinu á miðju enni og í botninum á sárinu til hægra sást í sprungna hauskúpu. Á spítalanum voru sárin hreinsuð og saumuð, en skömmu eftir að það var búið, andaðist drengurinn, og telur prófessor Guðmundur Thoroddsen sennilegt, að um lömun á andardráttarmiðstöð heilans hafi verið að ræða, líklega stafandi af blæðingu inni í hauskúpunni, enda hafi blæðing um hlustir og nef bent á brot á hauskúpubotninum.

Þá hafði og annar drengur, Sigurjón Sveinsson að nafni, til heimilis að Laugaveg 128 í kjallara, orðið fyrir bifreiðinni hjá sandhrúgunni fyrir austan tröppurnar við húsið nr. 140. Var búið að flytja dreng þann heim til sín er lögreglan kom á staðinn. Var hann ekkert alvarlega meiddur, hafði hruflast og marizt lítilsháttar og telur læknir sá,

sem skoðaði hann samdægurs, að drengur þessi muni ekki hljóta varanlegt tjón af slysinu.

Bifreiðarstjórinn á bifreið þessari, ákærður í máli þessu, var þarna á staðnum og var hann tekinn og fluttur á lög-reglustöðina. Síðan var verkfræðing falið að mæla upp staðinn þar sem slysið vildi til, og enn fremur tók lögreglan nokkrar myndir á staðnum og hafa þær verið látnar fylgja málinu.

Ákærður, sem er háseti á b/v. Kári Sölmundarson, og hafði komið inn daginn áður, hefir skýrt þannig frá mála-vöxtum, að hann hafi um klukkan 3,15 e. h. þennan dag fengið bifreiðina að láni hjá bifreiðarstjóra á Bifreiðastöð Íslands. Hafi hann síðan ekið í áfengisverzlun ríkisins og keypt þar eina flösku af Molino Sherry og síðan ekið vestur í fiskverkunarstöð Dvergs og drukkið þar úr flöskunni ásamt tveim verkstjórum þar. Eftir að hafa lokið þar úr flösku þessari, ók ákærður þaðan um kl. 4. Hitti hann þá fyrst Guðmund Þorvaldsson, háseta á Kára, og tók hann upp í bifreiðina og óku þeir síðan nokkuð um bæinn, en nokkru síðar hittu hann loftskéytamanninn á Kára, Halldór Jónsson og tók hann einnig upp í bifreiðina. Óku þeir síðan enn nokkuð um bæinn, og þá að áfengisverzlun ríkisins, þar keyptu þeir tvær flöskur af Molino Sherry og ók ákærður síðan inn Hverfisgötu og var meining þeirra sú, að aka eitthvað inn fyrir bæinn. Telur yfirheyrður, að hann hafi ekið allgreitt inn Hverfisgötuna, en getur þó ekkert ákveðið sagt um hraðann, með því að hann kveðst ekki hafa litið á hraðamælirinn. Er hann kom inn undir Vatnsþró sá hann hvar strætisvagn stóð hjá símastaur þeim, sem segir til um viðkomustað strætisvagna. Kveðst ákærður hafa ætlað sér fram hjá strætisvagninum, gaf þó ekkert hljóðmerki, en herti á hraðanum og sveigði til hægri. Síðan skipti það engum togum, að ákærður hafði ekið yfir drenginn, sem stóð við húsið Laugaveg 138 og kveðst ákærður ekki hafa tekið eftir honum fyr en hann var að fara yfir hann. Telur hann sig þá hafa reynt að bremsa bifreiðina, en misti þá allt vald á henni, og eftir það kveðst ákærður ekkert muna eftir sér fyr en bifreiðin nam staðar fyrir fullt og allt. Hann kveður að sér hafi orðið svo mikið um, er hann varð var við að hann hafði ekið yfir drenginn, að honum virtist sem hann missti með-

vitundina. Telur hann líklegt að hann hafi stigið á bensínið í stað bremsunnar, er hann ætlaði að nema staðar.

Allmörg vitni hafa verið leidd í málinu. Um það leyti, sem slysið vildi til, héldu tveir strætisvagnar, annar, sem gengur að Kleppi, en hinn í Sogamýri, kyrru fyrir á viðkomustað strætisvagnanna innan við Vatnsþróna, en fremri strætisvagninn var þó um það bil að leggja af stað. Bifreiðarstjórinn á aftari strætisvagninum, sem stóð beint á móti símastaurnum, sem merktur er sem viðkomustaður strætisvagna, hefir borið það fyrir réttinum, að um það leyti, sem fremri vagninn var að leggja af stað, og hann var að afgreiða síðasta manninn inn í sinn vagn, þá hafi honum orðið litið til hægri, og hafi hann þá séð hvar bifreiðin R.E. 932 rann framhjá honum, með geysihraða. Kveður hann, að bifreiðin hafi ekkert hægt á sér, og hafi hún lent innan við staur þann, sem er móts við undirganginn milli húsanna nr. 136 og 138 við Laugaveg. Tók vitnið ekki eftir, er bifreiðin ók þar yfir drenginn, en virtist bifreiðin aðeins koma við staurinn en síðan hélt hún áfram eins og skot, og lenti á tröppum hússins nr. 140 og virtist vitninu sem bifreiðin tækist þar upp og sá er hún rakst á drenginn, sem stóð á sandhrúgunni austanvert við tröppurnar. Þetta vitni kveður svo að orði, að það hafi verið ofsalegur og eftirtektarverður hraði á bifreiðinni, vegurinn hafi verið sléttur þarna, en bifreiðin gengið öll í öldum upp og niður eins og vegurinn væri öldóttur. Kveður hann og, að ekkert hafi dregið úr ferð bifreiðarinnar fyrir en eftir að hún hafði rekizt á tröppurnar. Bifreiðarstjórinn á hinum strætisvagninum var kominn af stað, en er hann var kominn á móts við húsið nr. 140 við Laugaveg þá heyrði hann skarkala og varð litið til hægri og virtist honum þá, sem bifreið hefði rekizt á húsvegginn þar fyrir neðan tröppurnar, og virtist honum bifreiðin síðan hoppa yfir tröppurnar. Vitnið sá að drengur stóð á sandhrúgu áfastri við tröppur þessar að austanverðu og rakst bifreiðin á drenginn og kastaði honum áfram en bifreiðin hélt áfram og nam ekki staðar fyrir en góðan spöl frá drengnum.

Vitnið Stefán Guðmundsson, trésmiður, var um þetta leyti á gangi meðfram húsaröðinni við Laugaveginna að sunnanverðu, hélt hann austur eftir, alveg fast upp með

húsunum. Eins og fyr hefir sagt verið, er undirgangur milli húsa 136 og 138 og átti vitnið mjög skammt ófarið að undirganginum, kveðst hann ekki hafa vitað fyrri til en bifreið skauzt fram hjá honum vinstra megin með ofsahraða. Sá vitnið að drengur stóð fyrir utan húsið nr. 138, alveg við húshliðina. Virtist vitninu bifreiðin aka yfir hann og lá hann þar í blóði sinu, er bifreiðin fór hjá og hélt áfram af sama hraða, og sá vitnið að hún lenti á öðrum dreng, er var nokkuð austar en hinn upp við húsaröðina. Kveður vitnið að allt hafi þetta gerzt í svo skjótri svipan vegna hins mikla hraða er var á bifreiðinni, að hann gerði sér enga grein fyrir því á hvern hátt bifreiðin rakst á drengina.

Sömu sögu hafa öll önnur vitni af hraðanum að segja. Vitnið Valgerður Bjarnadóttir, sem vinnur í bakarii á Laugavegi 130, tók eftir að bifreið fór framhjá bakariisdýrunum með geysihraða, fór hún út á götuna til að líta á eftir henni, en er hún kom út var slysið um garð gengið, og var þá verið að taka drengina upp. Vitnið kveðst hafa unnið þarna í bakariinu í tvö ár og aldrei séð bifreið aka þarna framhjá af öðrum eins hraða. Tvö vitni sáu til bifreiðarinnar út um glugga á húsinu nr. 126 við Laugaveg rétt áður en slysið varð og hafa þau bæði borið það, að bifreiðin hafi þá verið á geisimiklum hraða og giskað á 70—80 kilometra miðað við klukkustund. Þá hefir og vitnið Sigurþór Guðmundsson kaupmaður í Barónsbúð, en sú verzlun er á horninu á Hverfisgötu og Barónstíg, borið það, að hann hafi séð bifreið klukkan rúmlega 5 þennan dag aka inn Hverfisgötu af hraða svo miklum, að vitnið fór út á götuna til þess að horfa á eftir henni. Leit vitnið inn eftir Hverfisgötunni og sá að strætisvagn stóð á sínum venjulega viðkomustað innan við Vatnsþróna. Sá vitnið að bifreið þessi beygði fram hjá strætisvagninum á sama hraða og rétt á eftir heyrði vitnið líkt og smell, og taldi þá víst að eitthvert slys hefði orðið. Telur vitnið að það hafi aldrei séð hraðari akstur á götum bæjarins og vart á þjóðvegum.

Loks má geta þess, að Aðalsteinn Jónsson, lögregluþjónn, sá bifreiðina R.E. 932 aka inn Hverfisgötu klukkan um 4 þennan dag, var hún þá fyrst, eftir ágizkun hans, á 25—30 km. hraða miðað við klukkustund, er hann veitti henni

eftirtekt á móts við verzlun Ámunda Árnasonar, en síðan jókst hraðinn að mun, og var að álitni vitnisins kominn upp í 50—60 km. hraða er bifreiðin kom á móts við Frakka-stíginn.

Ákærður hefir ekki treyst sér til að mótmæla þessum vitnaframburðum um hraðann, kveðst ávalt aka greiðlega og einnig gert það að þessu sinni, en kveður sér þó þykja ólíklegt að hann hafi verið á 70—80 km. hraða.

Sá, sem fyrstur kom að drengnum, eftir að ekið hafði verið yfir hann, var verzlunarmaður í húð Lárusar Ottesen, Laugavegi 134. Hann kveðst hafa heyrt skarkala, líkt og bifreiðar rækjust á og fór því út. Sá hann þá, hvar drengur lá í blóði sínu fyrir utan dyr hússins 138. Lá hann á hægri hlið, endilangur meðfram húsveggnum og vissi andlitið út að götunni. Tók vitnið drenginn og bar hann inn í húsið, lét síðan föður hans vita um slysið, og því næst lögregluna.

Að því er ölvun ákærða snertir, þá er ekki upplýst í málinu, að hann hafi drukkið þennan dag meira en úr sherryflösku við þriðja mann. Verkstjórnarnir í Dvergi hafa verið leiddir sem vitni í málinu og bar þeim að öllu leyti saman við frásögn ákærða. Félagar ákærða í bifreiðinni töldu sig ekki hafa séð neitt vín á ákærðum, er þeir komu upp í bifreiðina til hans, og flöskur þær, sem þeir keyptu í áfengisverzlun ríkisins áður en þeir lögðu af stað upp fyrir bæinn voru ósnertar er slysið varð.

Eftir að farið hafði verið með ákærðan á lögreglustöðina var þar haldið yfir honum ölvunarpróf af dr. Helga Tómassyni yfirlækni á Kleppi að visu ekki fyrr en ca. 3 tímum eftir að slysið varð, vegna þess að ekki náðist í lækni fyr. Stóðst ákærður þá allar þrautir, er fyrir hann voru lagðar og telur doktorinn, að ekki geti hann talizt undir áhrifum vins er rannsóknin fór fram.

Ákærður átti ekki bifreið þá, er hann stýrði. Eigandi hennar var Bjarni Guðbjörnsson bifreiðarstjóri, en hann hafði lánað hana bróður sínum Friðjóni Guðbjörnssyni og hélt hann til við Bifreiðarstöð Íslands. Hann lánaði á-ákærðum bifreiðina til bæjaraksturs og hefir hann borið það fyrir rétti, að hann hafi alls ekki séð vín á ákærðum, er hann lánaði honum bifreiðina, ella hefði hann ekki gert það.

Strax eftir slysið var bifreiðin skoðuð af Birni Blöndal löggæzlumanni og Jóni Ólafssyni bifreiðareftirlitsmanni. Var auðvitað ekki hægt að reyna hemla bifreiðarinnar eftir áreksturinn, þar sem allt var úr lagi gengið, en við nákvæma skoðun töldu þeir ekki hægt annað að sjá, en að hemlurnar hefðu verið í lagi fyrir áreksturinn og kveða þeir að ekkert hafi bent til hins gagnstæða. Einnig hafi stýrisgangur bifreiðarinnar verið þéttur og vel til hafður, enda hafði bifreiðin verið smurð þennan sama dag fyrir hádegi á verkstæði Egils Vilhjálmssonar. Bifreið þessi hafði verið skoðuð 16. febrúar síðastliðinn og reyndist þá fullstandsett að öllu leyti.

Það verður nú að teljast fullsannað, að ákærður hafi ekið á geisimiklum hraða um götur bæjarins, bæði áður en slysið varð og um það leyti sem það skeði. Sérstaklega er það stórkostlega vitaverð óaðgætni að hægja ekki á hraðanum, er hann ók framhjá strætisvagninum og að hann þá ekki gefur neitt hljóðmerki frá sér. Auk þess hafði ákærður neytt vins þótt ekki verði hann talinn að hafa verið ölvaður, samkvæmt upplýsingum þeim, er fengizt hafa.

Framantalið afbrot ákærða, er hafði mannsbana í för með sér, ber að álitni dómarans að heimfæra undir 200. grein hinna almennu hegningarlaga, ennfremur undir 5., 6., 7. og 8. grein laga um notkun bifreiða, 20. grein áfengislaganna, 46. og 48. grein lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. janúar 1909. Hann sat í gæzluvarðhaldi frá 4.—6. þ. m. Hann hefir hinn 5. september 1932 undirgengizt 150 króna sekt fyrir að aka bifreið próflaus og undir áhrifum áfengis.

Refsing sú, sem ákærður hefir til unnið, þykir, ákveðin samkvæmt hinum tilvitnuðu hegningarlaga og áfengislagagreinum, 14. grein bifreiðarlaganna og 96. grein lögreglusamþykktarinnar, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Hann skal og sviftur æfilangt leyfi til að aka bifreið.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

